



## D Ó M U R

28. mars 2011

Mál nr. S-390/2010:

Ákærandi: Sýslumaðurinn á Selfossi  
*(Gunnar Örn Jónsson fulltrúi)*

Ákærði: X  
*(Sigurður Jónsson hrl.)*

Dómari: Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri

Ár 2011, mánudaginn 28. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er í dómsal embættisins að Austurvegi 4, Selfossi af Hirti O. Aðalsteinssyni dómstjóra í málinu nr. S-390/2010:

**Ákærvaldið**

*(Gunnar Örn Jónsson ftr.)*

gegn

**X**

*(Sigurður Jónsson hrl.)*

kveðinn upp svohljóðandi

**dómur:**

Mál þetta er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi dagsettri 13. ágúst sl. á hendur ákærða, X

*„fyrir húsbrott*

með því að hafa, síðdegis föstudaginn 21. maí 2010, ruðst heimildarlaust inní íbúðarhúsnæðið að Y-götu og neitað að yfirgefa húsnæðið þrátt fyrir áskoranir þess efnis.

Telst brott ákærða varða við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins og þá krefst verjandi hans málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

## Málavextir.

Mál þetta á rætur að rekja til deilna ákærða og kæranda, Z um umgengnisrétt ákærða við ..... börn þeirra sem eru í forsjá kæranda, en þau höfðu verið í sambúð. Samkvæmt gögnum málsins höfðaði kærandi forsjármál á hendur ákærða en því lauk með sátt sem lögð var fram í þinghaldi ..... Var ágreiningur um málskostnað og umgengni lagður í úrskurð dómsins og með úrskurði upp kveðnum ..... var ákveðið að regluleg umgengni ákærða við börnin skyldi frá 1. maí 2010 vera með eftirfarandi hætti: Fyrstu fjóra mánuðina frá kl. 18 á föstudegi til kl. 18 á sunnudegi aðra hverja helgi. Næstu fjóra mánuðina frá kl. 18 á föstudegi til kl. 18 á mánudegi aðra hverja helgi og eftir það frá kl. 18 á föstudegi til kl. 18 á þriðjudegi aðra hverja helgi. Þann 10. júní sl. lagði kærandi fram kæru á hendur ákærða fyrir húsbrot og skýrði hún svo frá hjá lögreglu að föstudaginn 21. maí, líklega um kl. 18:00 hafi ákærði komið að heimili hennar í þeim tilgangi að sækja börnin. Hafi ákærði ekki gefið til kynna að hann væri kominn og hafi hann byrjað að hringja í heimasíma hennar, farsíma og síma dóttur þeirra. Hafi kærandi ákveðið að svara ekki símhringingum ákærða þar sem hann hefði ekki svarað símhringingum hennar fyrir um daginn. Eftir smá stund hafi hún heyrt að útidyrhurðin hafi verið opnuð og hafi hún gengið inn í forstofu og ákærði hafi spurt hvort símarnir væru bilaðir. Hafi hún þá spurt á móti hvort hans sími væri bilaður. Hafi ákærði þá ætt inn í forstofu og spurt hvort krakkarnir væru ekki að koma og kvaðst kærandi þá hafa svarað honum því til að hún hafi sent honum póst þess efnis að þau myndu koma til hans um hádegi á laugardeginum, þ.e. 22. maí. Hafi ákærði þá sagt að hann myndi koma í fylgd lögreglu næst að sækja börnin og hafi hún reynt að segja ákærða að þetta virkaði ekki svona, hún væri með pappíra um að málinu sé frestað meðan hún væri að afla gagna í máli sem varðaði umgengnina. Hafi ákærði stöðugt sagt henni að halda kjafti og orðið mjög æstur. Hafi faðir hennar þá komið í forstofuna og sagt ákærða að þetta gengi ekki svona fyrir sig en ákærði hafi sagt honum að steinhalda kjafti og þegja. Ákærði hafi skyndilega hrækt framan í kæranda og hafi hún þá beðið ákærða að koma sér út og ætti hann ekkert með að tala svona við föður hennar. Ákærði hafi neitað að yfirgefa íbúðina og hafi hún þá ýtt á hann. Hafi faðir hennar þá sagt að þau færu þá eftir öðrum leiðum og gert sig líklegan til þess að hringja í farsíma sinn. Hafi ákærði þá stokkið út og hafi kærandi ætlað að loka á eftir honum en hann hafi ýtt á móti henni. Ákærði hafi síðan hætt að yta á móti, farið í bifreið sína og ekið í burtu.

## Greinargerð ákærða.

Ákærði skilaði greinargerð í málinu og kemur þar fram að rétt sé að hann hafi stungið fæti inn í íbúðarhúsið en rangt að hann hafi ruðst þar inn í heimildarleysi og að hann hafi neitað að yfirgefa húsnæðið þrátt fyrir áskoranir þess efnis. Hafi hann komið á heimili kæranda til þess að sækja börn sín í samræmi við úrskurð þar sem kveðið var á um umgengnisrétt hans. Hann hafi ekki vitað annað en að þau biðu eftir honum og myndu koma út eins og um hefði verið rætt. Þegar hann hafi komið að húsinu hafi hann ekki séð börnin og því hafi hann hringt í farsíma kæranda en hún hafi ekki svarað. Hann hafi þá hringt í eldri dóttur sína sem hafi gefið til kynna að þau væru ekki alveg tilbúin og hafi hann skilið hana þannig að hann ætti að koma inn í anddyri og bíða. Hann hafi bankað en enginn hafi svarað og hafi hann þá farið inn fyrir sagst vera kominn að ná í börnin. Þá hafi kærandi ráðist að honum með skömmum og beðið hann að fara út sem hann hefði gert. Kvaðst ákærði einungis hafa verið staddur á heimili kæranda til þess að ná í börn sín og telur fráleitt að hann hafi framið húsbrot.

### **Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.**

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi reynt að ná sambandi við kæranda umræddan dag en hún hafi ekki svarað. Hann hafi farið að heimili hennar í þeim tilgangi að sækja börn sín í samræmi við úrskurð þar að lútandi þar sem fram kæmi hvernig umgengni hans við börnin skyldi háttað. Hann kvaðst hafa farið eftir fyrir mælum Þ hjá félagsþjónustunni um það hvernig hann ætti að bera sig að, hann hafi bankað, farið inn og sagt að hann væri kominn til að sækja börnin. Kærandi hafi þá komið og sagt að börnin færu ekki með honum. Hafi þetta endað með rifrildi og hann síðan farið út um leið og honum hafi verið sagt að fara. Hann kvaðst síðast hafa séð börn sín í ágúst þrátt fyrir framangreindan úrskurð um fyrirkomulag umgengni, en þá hefði Þ komið með börnin til hans.

Kærandi skýrði svo frá fyrir dómi að ákærði hafi beðið fyrir utan og ekkert látið vita af sér, en hún staðfesti að hún hefði átt von á því að hann kæmi til að sækja börnin. Hann hafi síðan rífið útidyrhúðina upp og komið inn í forstofu og sagt að hann væri kominn til að sækja börnin. Hún hafi sagt honum að börnin vildu ekki fara með honum. Hafi ákærði orðið æstur og hafi faðir hennar þá komið fram og sagt að þetta virkaði ekki svona. Ákærði hafi þá hrækt framan í kæranda og hafi hún ýtt á ákærða og reynt að fá hann út. Hún kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því hversu langan tíma hafi tekið að fá ákærða út. Hún staðfesti að samkvæmt umræddum úrskurði hefði ákærði átt rétt á umgengni á þessum tíma en lögfræðingur hennar hefði tjáð henni að þar sem ekki hefði verið farið eftir ákvæðum um aðlögun varðandi umgengni í sátt sem gerð hefði verið milli þeirra væri úrskurðurinn ekki gildur fyrr en farið hefði verið eftir ákvæðum sáttarinnar.

Æ, faðir kæranda, skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi verið staddur á heimili dóttur sinnar henni til aðstoðar vegna umgengnisdeilu hennar við ákærða þegar sími hafi hringt nokkrum sinnum en ekki hafi verið svarað í hann. Hafi ákærði þá komið með háreysti og látum inn í húsið og kvaðst Æ hafa farið fram til að athuga hvað væri í gangi. Hann kvaðst hafa tjáð ákærða að það gengi ekki að

sækja börnin með þessum látum en ákærði hafi þá sagt honum að halda kjafti. Ákærði hafi átt orðaskipti við kæranda og hafi ákærði hrækt framan í hana. Hafi börnin því ákveðið eitt af öðru að fara ekki með ákærða. Hann kvað kæranda hafa sagt ákærða að fara og hafi hún ýtt honum út.

Vitnið Þ, félagsráðgjafi, skýrði svo frá fyrir dómi að barnavernd Árborgar hefði komið að umgengnisréttarmáli ákærða og kæranda og staðfesti vitnið að reynt hefði verið að liðsinna þeim í þeim efnunum eftir beiðni frá fulltrúa sýslumanns.

## Niðurstaða.

Ákærða er gefið að sök húsbrot með því að hafa ruðst heimildarlaust inn í íbúðarhúsnæði kæranda og neitað að yfirgefa húsnæðið þrátt fyrir áskoranir þess efnis eins og nánar er rakið í ákæruskjali. Ákærði hefur kannast við að hafa farið að heimili kæranda í þeim tilgangi að sækja börn sín í samræmi við dómsúrskurð þar að lútandi þar sem fram kemur hvernig umgengni hans við börnin skyldi háttáð. Hann kvaðst hafa farið eftir fyrirmælum starfsmanns félagsþjónustunnar um það hvernig hann ætti að bera sig að, hann hafi bankað, farið inn og sagt að hann væri kominn til að sækja börnin. Kærandi hafi þá komið og sagt að börnin færu ekki með honum. Þau hafi rifist og hann síðan farið út um leið og honum hafi verið sagt að fara. Kærandi hefur skýrt svo frá að ákærði hafi hrækt framan í hana og hafi hún þá ýtt á hann og reynt að fá hann út. Hún kvaðst ekki gera sér grein fyrir því hversu langan tíma hafi tekið að fá ákærða út. Vitnið Æ, faðir kæranda, mun hafa verið staddur á heimili dóttur sinnar henni til stuðnings vegna deilu hennar við ákærða um umgengni hans við börn þeirra. Hann segir ákærða hafa komið með háreysti og látum inn í húsið og kvaðst hann hafa tjáð ákærða að það gengi ekki að sækja börnin með þessum látum en ákærði hafi þá sagt honum að halda kjafti. Hafi börnin ákveðið eitt af öðru að fara ekki með ákærða og hafi kærandi sagt ákærða að fara og hafi hún ýtt honum út.

Ákærði byggir á því að rétt sé að hann hafi stungið fæti inn í íbúðarhúsið en rangt að hann hafi ruðst þar inn í heimildarleysi og að hann hafi neitað að yfirgefa húsnæðið þrátt fyrir áskoranir þess efnis. Við úrlausn máls þess ber að líta til þess að málsaðilar höfðu átt í forræðisdeilu fyrir dómi en henni lauk með dómsátt en ágreiningur um umgengni og málskostnað var lagður í úrskurð dómsins. Með úrskurði upp kveðnum ..... var kveðið svo á að regluleg umgengni ákærða við börn hans og kæranda skyldu á því tímabili sem hér um ræðir vera frá kl. 18 á föstudegi til kl. 18 á sunnudegi aðra hverja helgi. Samkvæmt gögnum málsins hefur þessari skipan umgengnisréttar ekki verið breytt eins og heimilt er samkvæmt 8. mgr. 47. gr. barnalaga nr. 76/2003. Ákærði átti því lögmætt erindi á heimili kæranda en nægilega er upplýst að kærandi sinnti í engu símtölum hans þar sem hann freistaði þess að gera henni grein fyrir því að hann væri kominn til þess að sækja börnin. Verður því ekki fallist á að ákærði hafi eins og hér stendur á ruðst heimildarlaust inn í húsnæði kæranda. Fljótlega mun hafa komið í ljós að börn ákærða og kæranda hafi eitt af öðru ákveðið að fara ekki með honum og ber kæranda og föður hennar saman um að hún hafi ýtt ákærða út. Ekkert er fram komið um að ákærði hafi neitað að yfirgefa húsnæðið þrátt fyrir áskoranir þess

efnis eins og honum er gefið að sök og er ekki annað leitt í ljós en að hann hafi yfirgefið húsnæðið fljótlega eftir að ljóst var að börn hans voru ekki reiðubúin að fylgja honum. Verður því ekki hjá því komist að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Með vísan til 2. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að leggja allan kostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Sigurðar Jónssonar hrl., 125.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærði, X, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Jónssonar hrl., 125.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Aðalsteinsson

Hjörtur O.